

Nr. 66.  
3. nóv.

## Lög

um

breytingu á lögum nr. 29, 2. nóv. 1914, um breytingu á lögum  
um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr. laganna orðist svo:

Auk þeirra þjóðvega, sem taldir eru í 3. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, skal vera  
þjóðvegur frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, milli lögsagnarumdæmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Einar Arnórsson.*